

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 22. maí 2023

Mál nr. S-6108/2022:

## Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Kamilla Kjerúlf saksóknarfulltrúi)

gegn

## Heiðari Þór Guðmundssyni

(Ómar R. Valdimarsson lögmaður)

### Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 8. maí sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af lögrelustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 20. desember 2022, á hendur: „Heiðari Þór Guðmundssyni, kt. [...], [...], Reykjavík,

#### I.

Fyrir fíkniefnalagabrot með því að hafa, [mánudaginn] 29. mars 2021, haft í vörslum sínum 0,29 g af tóbaksblönduðu kannabisefni og 2,23 g af amfetamíni, sem ákærði framvísaði til lögreglu í hótélherbergi sínu á A í Reykjavík.

Telst háttsemi þessi varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. sbr., 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, með síðari breytingum.

#### II.

Fyrir fíkniefnalagabrot með því að hafa, föstudaginn 25. júní 2021, á dvalarstað sínum að [...] í Reykjavík, haft í vörslum sínum 164,11 g af maríhúana, sem lögregla fann við leit í íbúðinni.

Telst háttsemi þessi varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. sbr., 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, með síðari breytingum.

### III.

Fyrir umferðar- og fíkniefnalagabrot með því að hafa, [föstudaginn] 1. október 2021, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóðsýni mældist amfetamín 710 ng/ml) um Laugaveg við Kringlumýrarbraut í Reykjavík, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn, og á sama tíma haft í vörslum sínum 7,57 g af amfetamíni og 20,48 g af maríhúana sem lögregla fann við leit í bifreiðinni.

Telst háttsemi þessi varða við 1., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. sbr., 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, með síðari breytingum.

### IV.

Fyrir fíkniefnalagabrot með því að hafa, miðvikudaginn 4. ágúst 2021, haft í vörslum sínum 9,67 g af kókaíni og 5,63 g af MDMA sem ákærði framvísaði til lögreglu er lögregla hafði afskipti af honum við gatnamót Laugavegs og Rauðarárstígs í Reykjavík.

Telst háttsemi þessi varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. sbr., 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 99. og 101. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Jafnframt er krafist upptöku á framangreindum 20,48 g af maríhúana og 7,57 g af amfetamíni sem hald var lagt á samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, með síðari breytingum.“

Þann 12. janúar 2023 gaf héraðssaksóknari út ákæru á hendur ákærða og var meðferð málanna sameinuð, sbr. 1. mgr. 169. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ákærði er þar ákærður fyrir „fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot og brot gegn lyfjalögum, lögum um bann við tilteknum frammistöðubætandi efnum og lyfjum og vopnalögum, með því að hafa miðvikudaginn 25. nóvember 2020, á þáverandi heimili sínu að [...] í Reykjavík, haft í vörslum sínum í sölu- og dreifingarskygni samtals 741,86 g af amfetamíni, 67,60 g af maríhúana, 20,48 g af kókaíni, 6 stykki af Quetiapine Teva töflum, 4 stykki af Mogadon töflum, 17 stykki af Sildenafil töflum, 1 stykki af Viagra töflu, 46 stykki af Oxandrolon töflum, 19 stykki af Stanazolol töflum, 5,08 g af Stanazolol mulningi, 10 ml af Dromostanolone (Propionate), 10 ml af Trenbolon, 4 ml af Metylttestosteron og 1 ml af Testosteron, ásamt því að hafa í vörslum sínum kaststjörnu en allt framangreint fann lögreglan við leit.

Telst brot þetta varða við 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974 og 32/2001, 1. mgr. 33. gr., sbr. b. lið 2. mgr. 103. gr. lyfjalaga nr. 100/2020, 1. mgr. 2. gr., sbr. 1. og 3. mgr. 4. gr. laga um bann við tilteknum frammistöðubætandi efnum og lyfjum nr. 84/2018 og e-lið 2. mgr. 30. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Krafist er upptöku á 741,86 g af amfetamíni, 67,60 g af maríhúana, 20,48 g af kókaíni, 6 stykkjum af Quetiapine Teva töflum, 4 stykkjum af Mogadon töflum, 17 stykkjum af Sildenafil töflum, 1 stykki af Viagra töflu, 46 stykkjum af Oxandrolon töflum, 19 stykkjum af Stanazolol töflum og 5,08 g af Stanazolol mulningi, 10 ml af Dromostanolone (Propionate), 10 ml af Trenbolon, 4 ml af Metylttestosteron og 1 ml af Testosteron, 125 ml af óþekktum vökva, 884,69 g af óþekktu efni, 70 stykkjum af óþekktum töflum, peningum að fjárhæð ISK 20.000, tveimur stykkjum af grammavogum, bunka af smelluláspokum, hvítum apple iPhone farsíma, svörtum Samsung farsíma með tökkum, svörtum farsíma af óþekktri tegund, svartri minnisbók og brúnni minnisbók, með vísan til 6. og 7. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerðir nr. 848/2002, 4. mgr. 4. gr. laga um bann við tilteknum

frammistöðubætandi efnunum og lyfjum nr. 84/2018 og 1. mgr. 69. gr., 1. mgr. 69. gr. a. og 2. mgr. 69. gr. f. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 149/2009.“

Dómari tók við meðferð málsins 19. febrúar 2023 og hafði fram að þeim tíma engin afskipti haft af meðferð þess.

Við upphaf málflutningsræðu verjanda við aðalmeðferð málsins breytti ákærði afstöðu sinn og játaði sök hvað varðar I. og IV. kafla ákæru frá 20. desember 2022 og að hafa ekið bifreið sviptur ökurétti í því tilviki er greinir í III. kafla ákærunnar. Ákærði krefst þess að hann verði aðallega sýknaður af sakarefninu að því leyti sem hann hefur neitað sök, til vara að honum verði ekki dæmd refsing en til þrautavara að honum verði dæmd vægasta refsing er lög leyfa. Þá samþykkti ákærði upptökukröfur hvað varðar haldlögð ávana- og fíkniefni og lyf, önnur en Sildenafil og Viagra, en hafnaði upptöku hvað varðar óþekkt efni og aðra muni sem getið er um í ákæru. Loks krefst verjandi ákærða hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði.

## I

### *Málsatvik*

Hvað varðar þau atvik sem greinir í II. kafla ákæru, dags. 20. desember 2022, þá fór lögregla að heimili ákærða að [...], föstudaginn 25. júní 2021, til að handtaka ákærða vegna máls sem var til rannsóknar hjá lögreglu. Í frumskýrslu lögreglu segir að ákærði hafi verið í íbúðinni, sem er stúdíóíbúð, með salerni á vinstri hönd þegar gengið er inn og alrými beint af augum og hægra megin í alrýminu er eldhúskrókur. Var ákærða kynnt réttarstaða sín og undirritaði hann heimild til leitar í íbúðinni. Við þá leit hefðu fundust fjórir smelluláspokar í lokuðum eldhússkáp og gekkst ákærði við því að eiga þá og sagði að í þeim væri kannabis. Einnig hefði fundist hvítt duft í smelluláspoka á kommóðu í alrými sem ákærði sagði að væri ekki fíkniefni. Fyrir liggja ljósmyndir af ætluðum fíkniefnum og efnaskýrsla lögreglu þar sem staðfest er að efnið sem fannst í eldhússkáp væri 164,11 g af kannabis.

Sama dag var tekin skýrsla af ákærða. Kvaðst hann ekki eiga ætlað kannabis sem fannst í lokuðum skáp í eldhúsi og sagði að mögulega ætti nafngreind kona efnið. Þá kvaðst hann heldur ekki eiga hvítt duft sem fannst í smelluláspoka á kommóðu í stofu og gæti ekki fullyrt að um fíkniefni væri að ræða.

Varðandi III. kafla ákærunnar var lögregla, samkvæmt frumskýrslu, við almennt umferðareftirlit og stöðvaði þá akstur bifreiðarinnar [...], þar sem henni var ekið vestur Laugaveg við Kringlumýrabraut, til að kanna með ástand og réttindi ökumanns. Reyndist ákærði vera ökumaður bifreiðarinnar. Vaknaði grunur um að ákærði væri undir áhrifum vímuefna en hann bar þess skýr merki, var mjög sljór, máttlaus og þvoglumæltur. Var ákærði handtekinn og tekið úr honum blóðsýni. Ákærði heimilaði leit í bifreiðinni og fannst nokkurt magn af grænu efni og hvítt efni í smelluláspoka á gólfi framan við ökumannssæti. Samkvæmt vettvangsskýrslu fannst efnið undir ökumannssæti. Þar er einnig bókaður framburður ákærða og kvaðst hann ekkert vita um þessi efni; ekki vita hvaða efni þetta væru eða hver ætti þau. Samkvæmt upplýsingum úr ökutækjaskrá reyndist ákærði vera sviptur ökurétti ævilangt.

Samkvæmt framlagðri matsgerð Rannsóknastofu HÍ í lyfja- og eiturefnafræði mældust 710 ng/ml af amfetamíni í blóði ákærða. Segir í matsgerðinni að efnið sé í flokki ávana- og fíkniefna sem óheimil eru á íslensku forráðasvæði. Teljist ökumaður því hafa verið óhæfur til þess að stjórna ökutæki örugglega þegar sýnið var tekið, sbr. 50. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þá liggur fyrir efnaskýrsla lögreglu þar sem staðfest er að efnið sem fannst í bifreiðinni hefði verið 20,48 g af maríhúana og 7,57 g af amfetamíni.

Samkvæmt ákæru héraðssaksóknara, dags. 12. janúar sl., fundust þau fíkniefni, lyf og munir er þar greinir við leit á þáverandi heimili ákærða 25. nóvember 2020. Samkvæmt skýrslu lögreglu var framkvæmd húsleit á heimili ákærða á grundvelli úrskurðar héraðsdóms vegna gruns um að þar færi fram sala fíkniefna og varsla á ætluðu þýfi. Segir í skýrslunni að þegar komið var á vettvang hefðu ljós verið kveikt í íbúðinni og hreyfing sést þar inni á meðan bankað var án þess að opnað væri fyrir lögreglu. Hefði lögreglu- maður þá sparkað í útidyrhurð með það fyrir augum að komast inn og tryggja að ákærði myndi ekki eyða sönnunargögnum. Um það leyti hefði ákærði opnað fyrir lögreglu, hann verið færður í handjárn og honum kynnt ástæða afskipta og réttarstaða sakbornings sem hann kvaðst skilja. Hefði ákærði þá óskað eftir því að haft yrði samband við lögmann sem svo óskaði eftir því að hlé yrði gert á húsleitinni þangað til hann kæmi á vettvang og var það gert. Í eldhúsi hefðu fundust krukkur með hvítu efni í kæliskáp, krukka með óþekktum vökva og krukka með hvítu efni á borði í eldhúsi. Í stofu hefði fundist ætlað kannabisefni í smelluláspoka og í sófa smelluláspoki með hvítu efni. Á gólfi í stofu hefði fundist smelluláspoki með óþekktum töflum og annar með hvítu efni. Inni á baðherbergi hefði fundist, falin í klósettkassa, krukka með hvítu efni og smelluláspoki með hvítu efni.

Í fataskáp í svefnbergi hefðu fundust töflur sem talið var að væru Omeprazol ratiopharm, Mogadon, Sildenafil og Quetiapine Teva og óþekktar töflur í smelluláspoka. Á hillu í fataskáp hefðu fundust ætlaðir sterar. Einnig hefðu fundust peningaseðlar, 20.000 krónur, sem talið var að væru ágóði af sölu fíkniefna. Loks hefðu fundust munir sem talið var að væru þýfi. Bæði í alrými og svefnherbergi hefðu fundust vogir sem lögregla taldi að hefðu verið notaðar við vigtun fíkniefna og mikið magn af smelluláspokum sem talið var að ætlunin hefði verið að nota við dreifingu fíkniefna. Þá hefðu fundust tvær bækur með ætluðu bókhaldi vegna fíkniefnaskulda og í svefnherbergi kasthnífur í formi stjörnu.

Fyrir liggja myndir af framangreindum fíkniefnum, munum og lyfjum og öðru sem haldlagt var á vettvangi. Einnig liggur fyrir efnaskýrsla lögreglu þar sem staðfest er að þau fíkniefni sem fundust samrýmast því sem í ákæru greinir og því magni sem þar kemur fram.

Skýrsla var tekin af ákærða sama dag og liggur framburður hans fyrir í hljóði og mynd. Tjáði hann sig lítið um sakarefnið en sagði þau efni sem hefðu fundist hjá honum hafa verið til eigin neyslu. Þá kvaðst ákærði vilja fá til baka haldlagða stera, stinningarlyf, magalyf, svefntöflur og vogir sem hann ætti. Þá væri ætluð kaststjarna eins og hvert annað rusl.

## II

### *Framburður ákærðu og vitna fyrir dómi*

Ákærði tjáði sig ekki um sakarefnið fyrir dómi.

Lögreglumaður nr. B kvaðst hafa komið að húsleit á heimili ákærða 25. nóvember 2020. Lögreglu hefði borist áreiðanlegar upplýsingar um að þar færi fram sala fíkniefna. Fyrir hefði legið úrskurður héraðsdóms þar sem húsleit var heimiluð vegna gruns um sölu fíkniefna og að þar væri þýfi. Fjórir lögreglumenn hefðu farið þangað og hefði einn þeirra fylgst með hreyfingu í íbúðinni á meðan hinir bönkuðu hjá ákærða. Ljós hefði verið kveikt í íbúðinni og hann séð hreyfingu inni en ákærði ekki komið strax til dyra. Kvaðst hann hafa reynt að sparka upp hurðinni þar sem þeir hefðu talið að inni í íbúðinni væri verið að reyna að koma undan sönnunargögnum. Hefði ákærði komið til dyra fljótlega eftir að hann hefði byrjað að sparka. Ákærði hefði strax verið færður í járn og íbúðin tryggð og hefði ákærði þá verið rólegur. Að beiðni ákærða hefði verið kallað á lögmann til að vera viðstaddan leitina og að beiðni lögmannsins hefði leitinn verið stöðvuð þangað til hann kæmi. Við leitina hefðu fundist fíkniefni um alla íbúð, m.a. í eldhúsi,

stofu og baðherbergi, og hefðu þau m.a. verið í kæliskáp og í klósett-kassa. Samkvæmt þeim upplýsingum sem lögreglu bærust var talið að ætlað þýfi væri í íbúðinni og í samráði við rannsakara hefðu ýmsir munir verið haldlagðir. Þá hefði stjórnulaga kasthnífur fundist í íbúðinni. Sagði vitnið að lögreglumennirnir hefðu fundið mikið magn af efnum sem þeir töldu vera örvandi en efnið hefði síðan farið í greiningu og vigtun. Miðað við hans reynslu væri magnið slíkt að það benti til þess að það væri ætlað til sölu. Vitnið kvaðst hafa munað eftir atvikum og hefði honum fundist mikið af efnum hafa fundist en hann hefði rifjað atvik upp með því að lesa skýrsluna áður en hann kom fyrir dóminn.

Vitnið kvaðst hafa ritað frumskýrslu vegna málsins. Kvaðst hann nú ekki muna hvar allt sem þeir fundu hefði verið, þ. á m. bækur sem í var ætlað bókhald yfir fíkniefnasölu, en krukka með hvítu efni hefði verið í eldhúsi. Staðfesti vitnið að peningar hefðu fundist en kvaðst ekki muna hve miklir en þeir hefðu verið haldlagðir þar sem grunur lék á að þeir væru ágóði af sölu fíkniefna. Einnig hefði fundist ætlað þýfi, t.d. farsímar og rafmagnshlaupahjól, og voru einhverjir munir haldlagðir í samráði við rannsakara. Þá minnti vitnið að ákærði hefði verið léttklæddur þegar þeir komu snemma morguns. Á vettvangi hefðu einnig fundist lyf en ekki hefði verið kannað á staðnum hvort ákærði væri með lyfseðla fyrir þeim. Þarna hefðu verið opnar lyfjapakningar og reynsla hans sýndi að ekki væri alltaf í pakningum það sem standi utan á þeim. Tæknideild skoði þetta nánar en einnig hefði ákærði verið yfirheyrður fljótlega og honum gefinn kostur á að gera grein fyrir lyfjunum. Það hefði fundist mikið af fíkniefnum hjá ákærða auk lyfjanna en lækna-lyf væru einnig seld. Lýsti vitnið íbúð ákærða svo að komið væri inn í langan gang, til hægri væri eldhús og samliggjandi stofa og þar til hægri væri baðherbergi. Inni í horninu, í austurenda íbúðarinnar, væri eitt herbergi. Ákærði hefði búið í íbúðinni og kvaðst vitnið ekki vita til þess að einhver annar hefði einnig búið þar og hefði svo ekki verið samkvæmt þeim upplýsingum sem lögregla hafði. Þá hefði ákærði ekki nefnt það þegar þeir voru á vettvangi.

Lögreglu- maður nr. C kvaðst hafa farið í húsleit á heimili ákærða að morgni 25. nóvember 2020 og hefði legið fyrir úrskurður héraðsdóms þar sem leit var heimiluð vegna gruns um að þar væru fíkniefni og lyf. Vitnið kvaðst hafa staðið úti á götu þar sem sýn var inn í íbúðina á meðan félagar hans hefðu bankað. Eftir að þeir höfðu bankað nokkrum sinnum hefði hann séð hreyfingu eins og einhver væri að ganga í átt að útidyrum. Svo virðist sem viðkomandi hefði snúið við og farið aftur inn í íbúðina og hefði hann látið féлага sína vita af því. Hann hefði síðan sjálfur farið að útidyrum og þeir haldið

áfram að banka en enginn komið til dyra. Lögreglumennirnir hefðu þá reynt að rjúfa hurðina þar sem þeir héldu að ákærði væri hugsanlega að reyna að koma undan sönnunargögnum. Ákærði hefði að lokum komið til dyra og þeir kynnt honum að þeir væru með úrskurð. Síðan hefðu þeir farið inn, tryggt ákærða og tryggt að enginn annar væri í íbúðinni.

Vitnið sagði að þegar lögreglumennirnir hefðu byrjað að leita hefðu fundist fíkniefni, lyf og önnur sönnunargögn sem leiddu til þess að ákærði var grunaður um sölu og dreifingu fíkniefna. Sjálfur hefði hann séð um að leita í baðherbergi og fundið hvítt efni í klósettkassa. Hann hefði síðan fengið að vita að efni hefðu fundist í öðrum rýmum; í stofu, eldhúsi og svefnherbergi. Vitnið sagði að sér hefði virst það vera talsvert magn sem hann hefði fundið í klósettkassanum og miðað við lykt hefði hann grunað að þetta væri amfetamín. Taldi vitnið að þetta hefðu verið nokkur hundruð grömm sem væri talsvert magn til einkanota og telja að um hefði verið að ræða efni sem ætlað væri til sölu og dreifingar. Þá kvaðst hann ekki muna hvernig áferðin hefði verið á hvíta efninu sem fannst í klósettkassanum eða hvort það hefði verið rakt. Kvaðst vitnið minna að ákærði hefði verið nývaknaður á nærbuxunum þegar lögreglumennirnir komu. Hann hefði verið þægilegur og hlýtt öllum fyrirmælum. Þá myndi vitnið ekki eftir því að eitthvað hefði komið fram um það hvort fleiri hefðu búið í íbúðinni.

Lögreglumaður nr. D kvaðst hafa verið kallaður út sem rannsóknarlögreglumaður vegna húsleitar á [...] 25. nóvember 2020. Hefði hann farið með stjórn á vettvangi, séð um að taka skýrslu af ákærða og tekið þátt í leitinni. Það hefði verið draslaralegt í íbúðinni og hefðu lögreglumennirnir verið að finna muni úti um allt, m.a. hvítt duft. Myndir af þeim munum sem hefðu verið haldlagðir lögju fyrir á um 40 blaðsíðum og í flestum eða öllum rýmum hefði verið eitthvað sem ástæða var til að haldleggja. Hvað það varðar hvaða fíkniefni fundust og hvar vísaði vitnið til skýrslu og benti á að efnin hefðu verið vigtuð í tæknideild. Var vitninu kynnt hvaða magn hefði fundist samkvæmt ákæru og sagði vitnið aðspurður að hann myndi ætla að þetta væri meira en neysluskammtur. Vitnið kvaðst hafa tekið skýrslu af ákærða þar sem farið hefði verið yfir alla haldlagða muni og efni. Hefði verið borið undir vitnið sem stjórnanda ef vafi lék á því hvort það ætti að haldleggja tiltekna muni. Eina vopnið sem þeir hefðu fundið hefði verið kasteggvopn. Kvaðst vitnið muna vel eftir málinu en hafa lesið frumskýrslu áður en hann mætti fyrir dóminn. Aðrir lögreglumenn hefðu verið komnir á vettvang þegar

hann kom og minnst hann þess ekki að símar ákærða hefðu verið að hringja eftir að lögregla kom á vettvang. Þá viti hann ekki til þess að aðrir hefðu búið í íbúðinni.

Lögreglumaður nr. E kvaðst hafa komið að máli er varðar atvik 1. október 2021. Hefðu lögreglumennirnir tekið eftir *jeppingi* í umferðinni af gerðinni Hyundai og ákveðið að kanna með réttindi ökumanns sem reyndist vera ákærði. Hann hefði borið þess skýr merki að vera undir áhrifum fíkniefna; verið sljór, þvoglumæltur og máttlaus í öllum háttum. Hann hefði verið handtekinn, grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna. Hefði lögreglumennina grunað að það gætu verið fíkniefni í bifreiðinni og hefði bifreiðin, með samþykki ákærða, verið flutt á lögreglustöð, og einnig hefði ákærði gefið þar blóðsýni. Ákærði hefði heimilað þeim að leita í bifreiðinni og á gólfinu fyrir framan farþegasæti frammi í hefðu fundust ætluð fíkniefni, græn í poka, og ætlaði vitnið að um hefði verið að ræða kannabis, og hvítt efni í poka. Málið hefði verið afgreitt með *vettvangsformi* og kvaðst ákærði ekki kannast við efnin eða vita hvað þetta væri.

Vitnið kvaðst hafa séð bifreiðina í akstri og hefði henni þá verið ekið um Laugaveg hjá Kringlumýrarbraut í átt að miðbæ. Tilviljanakennt eftirlit hefði orðið til þess að bifreiðin var stöðvuð. Vitnið hefði kannast við ákærða vegna fyrri afskipta en ekki tekið eftir því að um ákærða væri að ræða fyrir en hann gaf sig á tal við ökumann. Ákærði hefði ekki framvísað efnunum og hefðu ekki rætt við eiganda bifreiðarinnar um efnið. Enginn hefði verið í bifreiðinni með ákærða og ekki hefði komið fram hvað hann hefði verið búinn að vera lengi með bifreiðina. Vitnið kvaðst ekki muna hvort fíkniefnin sem fundust undir sætinu hefðu verið vel falin eða hefðu sést. Þá myndi hann ekki hvort ákærði hefði verið spurður hvaðan hann væri að koma eða hvert hann væri að fara.

Lögreglumaður nr. F, áður f, kvaðst hafa farið á þáverandi heimili ákærða 25. júní 2021 ásamt félaganum sínum og *rannsókn* en óskað hefði verið eftir því að þeir leituðu að ákærða. Þeir hefðu bankað upp á og síðan farið inn og hefði ákærði verið í íbúðinni. Í kjölfarið hefði ákærði heimilað leit í íbúðinni. Sjálfur hefði vitnið leitað í baðherbergi og hefðu engin fíkniefni fundist þar. Í íbúðinni hefðu fundist ætluð kannabisefni en vitnið kvaðst ekki muna hvort ákærði hefði á vettvangi viðurkennt að eiga efnið. Virtist þetta vera einstaklingsíbúð og hefði ákærði verið einn í henni.

Lögreglumaður nr. G kvaðst hafa komið að leit á heimili ákærða að [...] 25. júní 2021. Hefði hann farið á vettvang til að handtaka ákærða vegna annars máls sem hefði verið til rannsóknar. Við húsleit vegna þess máls hefðu fíkniefnin fundist en myndi ekki hvar eða hvort hann hefði sjálfur fundið efni. Um hefði verið að ræða kjallaraíbúð sem

hefði verið einn stór geimur og baðherbergi við innganginn. Kvaðst vitnið minna að ekki hefðu verið aðrir en ákærði í íbúðinni en ekki muna hvort hann hefði viðurkennt að eiga efnið og vísaði vitnið til frumskýrslu hvað þetta varðar. Var vitninu kynnt efni frumskýrslu og sagði hann skýrsluna rétta.

Starfsmaður tæknideildar nr. H staðfesti að hafa greint og vigtað öll þau efni sem vísað er til í ákærunum og staðfesti jafnframt niðurstöðu sína. Beðin um að lýsa ferli tæknideildar í fíkniefna- og lyfjamálum sagði hún að efni bærust þeim í deildinni með rannsóknarbeiðnum. Þau tækju við beiðnum, og þar kæmi fram hverju væri verið að óska eftir, og efnunum, og kvittuðu fyrir þeim. Síðan væru efnin greind og þau forprófuð og færð í efnaskýrslu eftir að hafa verið vigtuð. Var vitninu kynnt að á meðal þeirra efna sem tilgreind væru í ákæru væru óþekktur vökvi, óþekkt efni og óþekktar töflur og hún beðin um að skýra hvers vegna þetta væri óþekkt. Vitnið sagði þá að það væri vegna þess að þeirra forpróf gæfu til kynna að þetta væri ekki neitt af þekktum fíkniefnum. Það væri ekki rannsakað frekar nema þau væru sérstaklega beðin um það og væri efnið sent til frekari rannsóknar hjá Rannsóknastofu HÍ í lyfja- og eiturefnafræði. Vitnið sagði að forprófin væru vökvapróf, ambúllur, mismargar eftir tegundum, sem væru sprengdar og efni sett út í. Þá komi fram litur ef það er svörun fyrir því efni sem prófað er fyrir. Vitnið sagði að efnin væru fyrst vigtuð hjá þeim. Þá væri efnið tekið úr umbúðum, poki *taraður* á vigt og efni sett í hann. Síðan væri efnið vigtað og niðurstaðan skráð í efnaskýrslu. Misjafnt væri hvort efnin væru vigtuð strax og þau bærust en það væri gert ef mál væri í forgangi. Annars gætu liðið einhverjar vikur. Væru efnin geymd í fíkniefnaherbergi eða skáp hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu áður en þau kæmu til þeirra en vitnið viti ekki hvort um sérútbúið rými sé að ræða. Efnin væru ekki þurrkuð áður en þau væru vigtuð og eigi þau aldrei neitt við efnin. Það geti verið breytilegt hversu mikill raki er í efni en þau vigti þau eins og þau komi fyrir en taki fram í efnaskýrslu ef þau eru óeðlilega rök. Standi ekkert um raka í efnaskýrslu hafi efni ekki verið rakt. Rannsókn á því hversu rök efni væru yrði að fara fram á rannsóknastofunni en ekki hjá tæknideild. Hvað varðar meðferð efna hjá tæknideild væru til verklagsreglur sem farið væri eftir.

Lögreglumaður nr. I kvaðst, 25. júní 2021, hafa verið til aðstoðar þegar handtaka átti ákærða og leita að sönnunargögnum vegna annars máls. Ákærði hefði hleypt þeim og rannsakara inn. Þegar lögreglumennirnir leituðu að þeim gögnum hefðu þeir fundið ætlað kannabis í eldhússkáp og poka með hvítu dufti í kómmóðu í alrými. Hefði ákærði viðurkennt á vettvangi að eiga kannabisefnið en sagði að hvíta efnið væri ekki fíkniefni.

Íbúðin sem ákærði bjó í hefði verið lítil stúdíóbúð og hefðu engin merki verið um að aðrir en ákærði byggju þar. Þá hefði ákærði ekki nefnt að einhver annar ætti efnin. Þegar lögreglumennirnir opnuðu skápinn og fundu efnið hefðu þeir spurt ákærða hver ætti það og hann sagði að hann ætti það en vitnið vissi ekki hvort þá hefði verið búið að kynna ákærða réttarstöðu sína.

Lögreglumaður nr. J kvaðst hafa verið annar tveggja lögreglumanna er komu að atvikum sem áttu sér stað 1. október 2021. Um hefði verið að ræða hefðbundið umferðareftirlit og var verið að kanna ástand og réttindi ökumanna. Ákærði reyndist vera ökumaður bifreiðar sem þeir stöðvuðu og hefði hann borið þess merki að vera undir áhrifum; var drafandi í tali og svolítið valtur á fótum. Kvaðst vitnið minna að ákærði hefði verið mjög *vímaður*. Hefði ákærði verið handtekinn og við leit hefðu meint fíkniefni fundist undir ökumannssæti í bifreiðinni. Kvaðst vitnið hafa séð bifreiðina í akstri. Lögreglumennirnir hefðu ekki vigtað þau fíkniefni sem fundust og viti hann ekki magn þeirra en um hefði verið að ræða bæði grænt efni og hvítt. Ákærði hefði neitað því að hafa átt efnin og hefði hann ekki bent á þau. Kvaðst vitnið ekki hafa flett því upp hver hefði átt bifreiðina sem ákærði var á, en annar lögreglumaður hefði ritað skýrslu vegna málsins, en ákærði hefði sagt að hann ætti ekki bifreiðina. Sagði vitnið að þeir hefðu farið að framan undir ökumannssætið þegar þeir fundu efnin.

K, [...] og [...] Rannsóknastofu HÍ í lyfja- og eiturefnafræði, kvaðst hafa ritað matsgerð vegna rannsóknar á blóðsýni vegna máls lögreglu er greinir í III. kafla ákæru frá 20. desember 2022, eftir að mæling hafði farið fram á blóðstyrk ýmissa efna í blóðinu. Hefði niðurstaðan orðið sú að einungis amfetamín mældist í blóðinu, 710 ng/ml. Lýsti vitnið því hvernig rannsóknir á blóðsýni væru framkvæmdar. Í þessu tilfelli hefðu þau verið beðin um að mæla nokkur efni og hefði því verið skimað fyrir þeim öllum með tækni sem væri mjög nákvæm og þá væru þau einungis að leita að efnunum. Komi efni jákvætt út úr þeirri skimun sé það magngreint. Í þessu tilviki hefði það verið amfetamín og hefði það verið magngreint með sama tæki en annarri aðferð. Með því tæki, sem er vökvagreinir og massagreinir, aðskilji þau amfetamínið frá öðrum efnunum og taki massaróf af amfetamíni. Áreiðanleiki þessarar rannsóknar væri mjög mikill. Það hefði verið nokkuð mikið magn sem greindist í ákærða og verið langt yfir lækningalegum skömmtum sem bendi til misnotkunar. Vitnið sagði að hægt væri að greina á milli amfetamíns og dexamfetamíns en þau hefðu ekki verið beðin um það í þessu tilviki. Verið gæti að það hefði verið stór skammtur af Elvanse sem mældist í ákærða. Hann

hefði samt verið hærri en í lækningalegum skömmtum og hefði ákærði þá verið að taka allt of mikið af lyfinu. Útilokaði vitnið að þetta gæti hafa verið eftir töku í lækningalegum skömmtum. Sagði vitnið að 70 g af Elvanse samsvöruðu 20 ng/ml í blóði miðað við meðalmanneskju. Hefði viðkomandi verið búinn að nota lyfið lengi þyrfti hann stærri skammt en samt væri útilokað að fara í þetta magn í læknisfræðilegum tilgangi. Enginn myndi ávísa svona miklu og þá væri útilokað að þetta greindist ef tekið væri einni töflu of mikið.

Lögreglumenn nr. L, M og N (áður h) gáfu einnig skýrslur við aðalmeðferð málsins en ákærði hefur nú játað sök hvað það sakarefni varðar sem vitnin báru um. Eru því ekki efni til að rekja framburð þeirra.

### III

#### *Niðurstaða*

Ákærði hefur skýlaust játað þá háttsemi sem honum er gefin að sök í I. og IV. kafla ákæru frá 20. desember 2022. Játning ákærða á þeim brotum sem lýst er í framangreindum köflum fær fulla stoð í gögnum málsins. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi og eru brot hans þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði er í II. kafla ákærunnar frá 20. desember 2022 ákærður fyrir vörslur á 164,11 g af maríhúana. Ákærði neitar sök. Samkvæmt 111. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 skal dómur reistur á sönnunargögnum sem fær eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Efnið fannst við húsleit í íbúð sem ákærði var talinn búa í. Samkvæmt frumskýrslu málsins heimilaði ákærði leit í íbúðinni og var honum kynnt réttarstaða sakbornings og var það staðfest með framburði lögreglumanns fyrir dómi. Einnig kom fram í skýrslunni að ákærði viðurkenndi á vettvangi að eiga efnið sem hann sagði vera kannabis. Þá kom strax fram hjá ákærða á vettvangi að hvítt efni sem haldlagt var væri ekki fíkniefni. Staðfestu þeir lögreglumenn sem komu að húsleitinni það í framburði sínum fyrir dómi á þann veg að annar þeirra mundi eftir þessum orðum ákærða, að hann ætti efnið, en hinn staðfesti það sem fram kom í skýrslunni.

Ákærði sagði í framburði sínum hjá lögreglu að hann ætti ekki efnið, hefði aldrei séð það fyrr og taldi að mögulega ætti nafngreind kona efnið. Hann tjáði sig ekki um sakarefnið fyrir dómi. Er ekkert fram komið sem bendir til þess að aðrir en ákærði hafi búið í íbúðinni en ekki var tekin skýrsla af framangreindri konu við rannsókn málsins.

Ákærði er ákærður fyrir vörslur efnanna. Það er ekki skilyrði fyrir vörslum í skilningi laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni að vörslumaður hafi vitneskju um vörslur sínar. Fíkniefnin sem um er fjallað í málinu voru geymd í íbúð ákærða og því í vörslum hans í skilningi laganna. Með framangreindum framburði lögreglumanns um að ákærði hafi viðurkennt á vettvangi að hafa átt efnin og með vísan til staðsetningar efnanna í eldhúsi í íbúð þar sem hann dvaldist er það niðurstaða dómsins að ákærði hafi vitað um efnin og er því huglægum refsiskilyrðum fullnægt.

Ákærði er í III. kafla ákærunnar frá 20. desember 2022 ákærður fyrir umferðar-laga- og fíkniefnalagabrot. Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni umrætt sinn sviptur ökurétti en neitað að hafa ekið undir áhrifum amfetamíns og að hafa vitað að fíkniefni væru í bifreiðinni. Af framburði þeirra tveggja lögreglumanna sem höfðu afskipti af ákærða verður ráðið að ákærði hafi virst vera undir áhrifum vímuefna og lýstu þeir einkennum ákærða sem benda til þess.

Við rannsókn á blóðsýni sem tekið var úr ákærða í kjölfar handtökunnar mældust 710 ng/ml af amfetamíni. Samkvæmt framburði starfsmanns Rannsóknastofu HÍ í lyfja- og eiturefnafræði er útilokað að efnið sé tilkomið vegna töku ákærða á lyfjum sem innihalda amfetamín. Taldi hún að þetta magn hefði ekki getað mælst í honum eftir töku lyfja í lækningalegum skömmtum. Sjálfur hefur ákærði ekki borið því við að hafa neytt lyfseðilsskyldra efna sem innihaldi amfetamín umrætt sinn og var því fyrst haldið fram af hans hálfu við aðalmeðferð málsins. Hefur ákærði ekki sýnt fram á að hann hafi fengið útgefið lyfjaskírteini frá Sjúkratryggingum Íslands, sbr. lög um sjúkratryggingar, vegna neyslu lyfja sem innihéldu það efni sem mældist í blóði hans, sbr. b-lið 8. mgr. 101. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, eða lagt fram önnur gögn til staðfestingar á því að hann hafi fengið lyfjunum ávísað. Með vísan til framangreinds er þessum vörnum ákærða hafnað.

Ákærði er ákærður fyrir að hafa haft 7,57 g af amfetamíni og 20,48 g af maríhúana í bifreiðinni umrætt sinn. Hann hefur frá upphafi neitað því að hafa haft vitneskju um að efnin væru þar. Ekki fór fram frekari rannsókn á tildrögum þess að ákærði var á bifreið í eigu annars manns, hversu lengi hann hefði verið á bifreiðinni eða hvort aðrir hefðu einnig haft aðgang að henni á þessum tíma. Þá hafa komið fram misvísandi upplýsingar varðandi það hvar efnin hefðu fundust. Í frumskýrslu lögreglu er því lýst að efnið hefði verið á gólfi fyrir framan ökumannssæti og fundist þar við leit í bifreiðinni eftir að hún var færð á lögreglustöð. Þeir lögreglumenn sem komu fyrir dóm-inn sögðu annars vegar að efnin hefðu fundist undir ökumannssæti, og er það í samræmi

við það sem skráð er í vettvangsskýrslu, og hins vegar undir farþegasæti frammi í. Verður ákærði að njóta þess vafa sem uppi er hvað staðsetningu efnisins varðar. Þannig verður við það miðað að efnið hafi verið staðsett það langt undir sætinu að það hefði ekki verið sýnilegt og að ákærði hafi ekki haft tök á að sjá það án þess að skoða sérstaklega undir sæti. Samkvæmt því sem rakið hefur verið um túlkun á 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni telst efnið hafa verið í vörslum ákærða burtséð frá því hvort hann hafi vitað af efninu. Til að ákærði verði sakfelldur fyrir brotið þurfa engu að síður að vera uppfyllt huglæg refsiskilyrði. Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. laganna verður refsað fyrir brot gegn lögnum framin af ásetningi eða gáleysi. Með vísan til þess sem að framan er rakið verður hins vegar ekki talið að sönnun hafi tekist um að ákærði hafi vitað af efninu í bifreiðinni og verður ákærði því sýknaður.

Ákærði er í ákæru frá 12. janúar 2023 ákærður fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot, brot gegn lyfjalögum og lögum um bann við tilteknum frammistöðubætandi efnum og vopnalögum. Ákærði neitar sök og tjáði hann sig ekki um málið fyrir dómi. Í skýrslu sem hann gaf við rannsókn málsins sagði hann að þau efni sem hefðu fundist hjá honum hefðu verið ætluð til eigin neyslu. Þá kvaðst hann vilja fá tiltekin lyf afhent frá lögreglu auk voga og sagði ætlaða kaststjörnu vera rusl. Fyrir liggur upptaka af framangreindri skýrslutöku í hljóði og mynd.

Ákærði er ákærður fyrir að hafa haft efnin í vörslu sinni í sölu- og dreifingarskyni. Fyrir liggur að efnin og lyfin fundust á heimili ákærða og hefur það verið staðfest með framburði þeirra lögreglumanna sem komu fyrir dóminn. Er ekkert fram komið um að aðrir hefðu búið með ákærða í íbúðinni eða haft aðgang að henni í því skyni að geyma fíkniefni.

Þá byggir ákærði varnir sínar á því að hluti af þeim fíkniefnum sem fundust hefði verið rakur. Samkvæmt efnaskýrslum á þetta við um 632,21 g af amfetamíni sem fannst í klósettkassa og alls 104,13 g af amfetamíni sem fundust í eldhúsi. Við meðferð málsins fyrir dómi skoraði verjandi ákærða á ákæruvaldið að láta þurrka og vigta á ný þau efni sem ákærði er ákærður fyrir að hafa haft í vörslum sínum í málinu og eru í duftformi. Var því hafnað af hálfu ákæruvaldsins með vísan til þess að endurvigtun efnanna hefði enga þýðingu og væri í ákæru miðað við þyngd efnanna á þeim tíma sem þau voru haldlögð. Samkvæmt framburði starfsmanns tæknideildar er það tekið fram í efnaskýrslum ef efni eru rök við komu til þeirra. Jafnframt kom fram hjá henni að efnin væru vigtuð eins og þau kæmu og því hvorki þurrkuð áður né meðhöndluð á annan hátt.

Ekki liggur fyrir hve mikið efnin hefðu lést ef þau hefðu verið þurrkuð. Þá fór ekki fram styrkleikamæling á efninu en slíkt er ekki alltaf gert í málum sem þessum, eins og ráða má af dómaframkvæmd. Fyrir liggja efnaskýrslur sem staðfestar voru af starfsmanni tæknideildar fyrir dómi þar sem staðfest er að magn og tegund þeirra efna sem fundust hjá ákærða er í samræmi við það sem í ákæru greinir og verður niðurstaða málsins á því byggð. Með vísan til magns þeirra ávana- og fíkniefna er haldlögð voru er háttsemin ákærða rétt heimfærð undir 173. gr. a í almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

Sterar sem fundust á heimili ákærða, Dromostanolone, Trenbolon, Metyltestosteron og Testosteron, teljast til lyfja sem falla undir lög nr. 84/2018 um bann við tilteknum frammistöðubætandi efnum og lyfjum og er varsla þeirra og meðferð óheimil samkvæmt 2. gr. laganna. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. laganna skal varsla og meðferð efna og lyfja samkvæmt 2. gr. aðeins vera refsiverð þegar haldlagt magn efna er umfram það sem talist getur til eigin neyslu. Hefur ákærði ekki lagt fram gögn því til stuðnings að þeim eða öðrum lyfjum sem fundust hefði verið ávísað á hann. Eru því engar forsendur fram komnar til að telja að þau hafi verið til eigin nota ákærða. Með vísan til þess magns efna og lyfja sem fundust á heimili ákærða er það niðurstaða dómsins að efnin hefðu verið ætluð til sölu og dreifingar. Þá er ákærði ákærður fyrir að hafa haft í vörslum sínum kaststjörnu. Í málsgögnum liggur fyrir ljósmynd af ætluðu vopni og verður af henni ráðið og framburðum lögreglumanna sem komu á vettvang að það hafi verið slíkt vopn sem fannst á heimili ákærða. Samkvæmt e-lið 2. mgr. 30. gr. vopnalaga nr. 16/1998 er óheimilt að eignast eða hafa í vörslum sínum kaststjörnu.

Að öllu þessu virtu telur dómurinn sannað svo að ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemin sem lýst er í báðum ákærunum, að undanskildum vörslum fíkniefna samkvæmt III. kafla ákæru frá 20. desember 2022, þ.e. 7,57 g af amfetamíni og 20,48 g af maríhúana, og er háttsemin hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákærunum.

#### IV

Ákærði er fæddur árið [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði ákærða, dags. 10. janúar sl., á hann að baki sakaferil vegna ýmissa brot gegn almennum hegningarlögum, lögum um ávana- og fíkniefni og umferðarlögum, sem ná aftur til ársins 1988. Hér skiptir máli að ákærði var með dómi Landsréttar [...] 2022 dæmdur í tíu mánaða fangelsi og ævilöng svipting ökuréttar áréttuð fyrir akstur sviptur ökurétti og akstur undir áhrifum

ávana- og fíkniefna og brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Í þeim dómi var lagt til grundvallar að um væri að ræða áttundu ítrekun eða níunda brot fyrir akstur sviptur ökurétti og fjórðu ítrekun eða fimmta brot fyrir akstur undir áhrifum áfengis og/eða fíkniefna. Var dómurinn hegningarauki, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga, við dóm héraðsdóms frá [...] 2019, sbr. dóm Landsréttar [...] 2021. Með þeim dómi var ákærði sakfelldur fyrir gripdeild og brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, vegna vörslu efna í sölu- og dreifingarskyni, og gert að sæta tíu mánaða fangelsi. Var hluti af refsingunni eftirstöðvar fangelsisrefsinga vegna eldri dóma sem voru dæmdar upp vegna rofs á almennum skilyrðum reynslulausnar. Að öðru leyti eru ekki efni til að rekja sakaferil ákærða.

Brot þau sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir eru öll framin áður en dómur Landsréttar [...] 2022 var kveðinn upp en hvað varðar ákæru frá 12. janúar 2023 og I. og II. kafla ákæru frá 20. desember 2022 einnig áður en hinn áfrýjaði héraðsdómur var kveðinn upp [...] 2021. Þá var brot ákærða samkvæmt ákæru frá 12. janúar 2023 einnig framið áður en dómur Landsréttar [...] 2021 var kveðinn upp. Samkvæmt framangreindu verður ákærða að hluta til gerður hegningarauki samkvæmt 78. gr., sbr. 77. gr., almennra hegningarlaga en umferðarlagabrot ákærða teljast ítrekuð á ný. Að auki verður við ákvörðun refsingar ákærða litið til þess að meðferð mála ákærða hefur dregist nokkuð, en elsta málið er frá því í nóvember 2020, og til þess að ákærði játaði háttsemina að hluta til fyrir dómi. Ákærði hefur nú m.a. verið sakfelldur fyrir fjögur brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni og umferðarlagabrot auk brots gegn 173. gr. a í almennum hegningarlögum. Með vísan til framangreinds, sakarefnis málsins og dómvenju og að virtum sakaferli ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 20 mánuði. Vegna sakarferils ákærða eru ekki efni til að skilorðsbinda dæmda refsingu.

Áréttuð er ævilöng svipting ökuréttar ákærða, frá uppkvaðningu dómsins að telja, með vísan til 99. og 101 gr. umferðarlaga.

Í ákæru er þess krafist að gerð verði upptæk til ríkissjóðs þau ávana- og fíkniefni, lyf, peningar og munir sem þar greinir. Ákærði gerir kröfu um að upptöku á lyfjunum Sildenafil og Viagra verði hafnað. Eru bæði lyfin lyfseðilsskyld og ákærði hefur ekki lagt fram staðfestingu á því að hann hafi fengið þessum lyfjum ávísað. Jafnframt verða gerðar upptækar 20.000 krónur er fundust á heimili ákærða en með vísan til atvika verða þeir fjármunir taldir vera andvirði ólögætrar sölu efna og/eða lyfja. Aðrir munir og óþekktar töflur, efni og vökvi er gert upptækt með vísan til þess að þeir hafi verið notaðir eða

ætlaðir til ólögmetrar meðferðar efna sem lög um ávana- og fíkniefni taka til eða ætlað til notkunar eða hætta þykir á að verði notuð við framningu brots. Í samræmi við framangreint og með vísan til þeirra lagaákvæða sem greinir í ákærunum eru gerð upptæk til ríkissjóðs þau ávana- og fíkniefni, lyf, peningar og munir sem í dómsorði greinir.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ómars R. Valdimarssonar lögmanns, er telst alls hæfilega ákveðinn 700.000 krónur. Við ákvörðun málsvarnarlauna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts og vinnu verjanda á rannsóknarstigi. Þá greiði ákærði einnig 107.080 krónur í annan sakarkostnað samkvæmt framlögðu yfirliti ákæruvaldsins.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Kamilla Kjerúlf saksóknarfulltrúi.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Ákærði, Heiðar Þór Guðmundson, sæti fangelsi í 20 mánuði.

Ævilöng svipting ökuréttar ákærða er áréttuð.

Upptæk eru gerð 88,08 g af maríhúana, 749,43 g af amfetamíni, 20,48 g af kókaíni, sex Quetiapine Teva töflur, fjórar Mogadon-töflur, 17 Sildenafil-töflur, 1 Viagra-tafla, 46 Oxandrolon-töflur, 19 Stanazolol-töflur og 5,08 g af Stanazolol-mulningi, 10 ml af Dromostanolone (Propionate), 10 ml af Trenbolon, 4 ml af Metyltestosteron og 1 ml af Testosteron, 125 ml af óþekktum vökva, 884,69 g af óþekktu efni, 70 óþekktar töflur, peningar að fjárhæð 20.000 krónur, tvær grammavogir, bunki af smelluláspokum, hvítur Apple iPhone farsími, svartur Samsung-farsími með tökkum, svartur farsími af óþekktri tegund, svört minnisbók og brún minnisbók.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ómars R. Valdimarssonar lögmanns, sem samtals eru ákveðin 700.000 krónur, og 107.080 krónur í annan sakarkostnað.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir (sign)